


Minnisblað- Ruslahreinsun á Hornströndum 2022

Tímasetning: Stefnt er að seinnihluta júní mánaðar 2022 með fyrirvara um veður og verkefni varðskips

Tilgangur: Tilgangur ferðarinnar hefur verið tvíþættur, annars vegar að hreinsa strandlengjur friðlandsins á Hornströndum og vonandi verða öðrum innblástur um að hreinsa sitt nærsvæði. Hins vegar að reyna að fá fólk til þess að huga að neyslu sinni og umgengni með plast, á það bæði við almenning og sjómenn. Vilji okkar sem stöndum fyrir hreinsuninni er að kynna verkefnið enn betur til þess að nái fyrrnefndum markmiðum. Á heimasíðu okkar eru settar inn nánari upplýsingar um hreinsunina. <https://www.facebook.com/hreinnihornstrandir/>



Árangur: Hreinsunin hefur verið farin fyrir tilstuðlan heimamanna á Ísafirði í samstarfi við fyrirtæki og stofnanir sjö ár í röð eða frá árinu 2014. Samtals hafa safnast rúmlega 42.8 tonn af plasti þessi ár, mest megnis plast og netadræsur tengt útgerð en þónokkuð af plasti sem á uppruna sinn að rekja af landi og berst úti sjóinn.

Svæðið sem er undir: Þar sem fyrstu umferð yfir helstu rekastaðina innan friðlandsins er lokið og haldið var í Hlöðuvík í fyrra þar sem söfnunin hófst verður haldið nú í Furufjörð til þess að halda áfram að fara í annað sinn yfir friðlandið. Það er ekki vanþörf á enda safnaðist 6.3 tonn í Hlöðuvík í annari yfirferð, sem er 1,5 tonnum meira en í fyrstu yfirferð!

Fyrirkomulag: Stefnan er að fara á föstudegi í Hrafnfjörð og ganga þaðan yfir í Furufjörð þar sem gist yrði í tjöldum. Hreinsaðar yrðu fjörurnar á föstudegi og laugardegi og siglt til baka með ruslið á laugardagskvöldi með varðskipi Landhelgisgæslunnar.

Beiðni um hlutverk Ísafjarðarbæjar: Við hjá Hreinni Hornströndum viljum fara þess á leit við Ísafjarðarbæ að framlag bæjarfélagsins til verkefnisins verði það sama og undanfarin ár, að upplýsingafulltrúi Ísafjarðarbæjar haldi utanum skráningu í ferðina og Ísafjarðarbær kosti förgun á ruslinu. Framlag Ísafjarðarbæjar hefur verið mjög mikils virði frá upphafi og þáttaka bæjarfélagsins ein af meginstöðum hreinsunarinnar.



Sjálfbóðaliðar vitja neta í Barðsvík

Fyrir hönd Hreinni Hornstranda

Gauti Geirsson